

Sp.

513. Tillaga til þingsályktunar

[277. mál]

um rannsókn- og tilraunastöð fiskeldis.

Flm.: Björn Dagbjartsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að beita nú þegar heimild í 62. gr. laga nr. 76 1970, um lax- og silungsveiði, og standa fyrir myndun félagsskapar ríkisins og þeirra, er fiskeldi stunda, um rekstur rannsókn- og tilraunastöðvar. Fiskeldisstöðin í Kollafirði verði rekin af slíkum félagsskap sem tilraunastöð fyrir erfðafræðirannsóknir og kynbætur á eldisfiskum, til lífeðlisfræðirannsókna, svo og til rannsókna á fisksjúkdómum og verði með aðstöðu til leiðbeiningar og fræðslu um varnir gegn fisksjúkdómum, fóðrun fiska og aðra þýðingarmikla þætti ferskvatns- og sjávareldis.

Greinargerð.

Það ætti að vera óþarft að rekja þær miklu vonir og stóru drauma sem menn hefur dreymt um framtíð fiskeldis á síðustu árum. Reyndar eru þessir draumar ekki nýir. Skúli Pálsson byggði stöð sína að Laxalóni upp úr 1950. Upphaflega mun hann hafa ætlað sér að ala þar regnbogasilung til slátrunar en sneri sér síðar æ meir að seiðaeldi og sölu lax- og silungsseiða. Fiskeldisstöð ríkisins tók til starfa 1963 sem rannsóknastöð í fiskeldi en jafnframt eldisstöð fyrir seiði. Síðan hafa á annan tug seiðaeldisstöðva verið starfræktar til að ala seiði sem sleppt hefur verið í ár og vötn. Dæmi um arðbæra hafbeitarstöð er í Lárósi á Snæfellsnesi en fáir hafa enn orðið feitir á eldi fiska til slátrunar. Fram undir síðasta ár voru aðeins þrjár stöðvar sem nokkuð kvað að í þessum efnun, þ.e. ISNO í Kelduhverfi, Eldi hf. Grindavík og Sjóeldi í Ósabotnum á Reykjanesi. Á árinu 1984 vöknudu menn rækilega til meðvitundar um möguleika fiskeldis. Þá var áhugi fjármálayfirvalda og almennings vakinn og stórhuga menn hleyptu nokkrum fiskeldisfyrirtækjum af stokkunum. Stjórnmalamenn tóku við sér um leið og hrópandinn í eyðimörkinni, Eyjólfur Konráð Jónsson, var ekki lengur einn um að flytja þingmál varðandi fiskeldi. Í þessum þingmálum, sem voru a.m.k. fimm á þinginu 1984–1985, kom mjög sterkt fram hvar skórin kreppir, hvar við erum veikastir fyrir til að takast á hendur þessa nýju atvinnugrein.

Menn gera sér grein fyrir þekkingarskort og nauðsyn fræðslu um fiskeldi almennt og fisksjúkdóma. Skortur á rannsóknum og tilraunum er æpandi. Þar fyrir utan vantar svo auðvitað fé.

Lög voru samþykkt s.l. vor um skipun dýralæknis fisksjúkdóma við yfirdýralæknisembættið. Hóf hann störf s.l. haust og sinnir m.a. heilbrigðiseftirliti og sjúkdómagreiningu en fyrir var starfandi fisksjúkdómafræðingur við tilraunastöð Háskólans að Keldum.

Tillaga fjögurra þingmanna Alþýðuflokksins var einna ítarlegust af þingsályktunartillögum. Henni var vísað til ríkisstjórnarinnar og í framhaldi af því var skipuð nefnd. Langmest áhersla hefur verið lögð á tillögur um lánsfjárútleitu og fjármagnsfyrirgreiðslu og er kannske ekki óeðlilegt. Þá er í smíðum hjá Rannsóknaráði skýrsla um framtíðarþróun fiskeldis. Í drögum að þeirri skýrslu leggja höfundar mikla áherslu á rannsóknarþörfina.

Tilfni flutnings þessarar tillögu, sem hér liggur fyrir, er að freista þess að ná samstöðu um að bæta úr brýnni þörf fyrir aðstöðu til fiskeldisrannsókna og tilrauna. Deilt hefur verið um stöðu fiskeldis í stjórnkerfinu, en slíkar deilur mega ekki verða til að spilla framgöngu þjóðþrifamáls sem þessa.

Á næstu missirum verður varið milljónum króna til framkvæmda í fiskeldi ef þau áform, sem nú eru uppi, verða að veruleika. Ýmsir halda að við getum stuðst við reynslu Norðmanna í einu og öllu. *Svo er þó alls ekki.* Nægir þar að benda á að flestir hafa í hyggju

kerældi á landi með volgum sjó eða sjó- og vatnsblöndu en ekki sjókvíum eins og Norðmenn. Okkar laxastofn er að hluta til annar. Við þurfum að nýta innlent fóður sem allra mest og við getum búist við öðrum sjúkdómum en þeir. Allar þessar frábrugðnu aðstæður krefjast rannsókna og tilrauna. Hætt er við því að sú tilraunastarfsemi geti orðið dýrkeypt ef hver fiskeldisstöð á að þreifa sig áfram út af fyrir sig.

Ein miðstöð tilraunastarfseminnar er án nokkurs vafa það sem koma verður. Í gildandi lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 frá 1970, eru ákvæði sem gera ráð fyrir slíkri starfsemi. 62. gr. þeirra laga hljóðar svo:

„Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum.“

Þarna er ekki aðeins heimildin fyrir hendi heldur er einnig kveðið á um rekstrarformið. Einmitt slíkt rekstrarform hefur verið nefnt sem heppilegt fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna en það er talið tryggja betri árangur og markvissari starfsemi þar sem eigendur eru úr atvinnugreininni sjálfri.

Pétur Bjarnason fiskeldisfræðingur ritaði grein í Morgunblaðið 5. maí 1984 í tilefni af frv. til laga um ræktun, eldi og veiði vatnafiska sem lagt var fram á Alþingi 1983–84 en hefur ekki sést síðan. Í grein Péturs segir svo:

„Í fyrsta lagi þarf að stunda markvissar rannsóknir svo að eldisvandamál séu leyst á kerfisbundinn hátt í tilraunaeldisstöð en ekki á þann hátt, eins og nú er, að hver eldisstöð sé að eyða dýrmætum tíma og fjármunum til þess að komast að hlutum sem hægt væri að komast að með einu símtali við virka tilraunaeldisstöð.

Í öðru lagi þarf að koma upp leiðbeiningarkerfi til þess að fyrirbyggja óþarfa mistök og koma nýrri þekkingu sem fyrst á framfæri.

Í þriðja lagi þarf að búa svo að fisksjúkdómayfirvöldum að þau geti annast eftirlits- og þjónustuhlutverk sitt af þeim myndugleik, sem þarf, til þess að koma í veg fyrir að sjúkdómar og smit valdi meira tjóni en óhjákvæmilegt er og svo til hins að erlendir kaupendur framleiðslunnar geti treyst því að vel sé á málum haldið og að útflutningur þurfi því ekki að stranda á vottorðaleysi.“

Í orðum þessa sérfræðings, fyrrum aðalkennara á „Sporðbraut“ Hólaskóla, nú framkvæmdastjóra *Ístess*, fiskfóðursfyrirtækisins á Akureyri, felst í rauninni nægur rökstuðningur fyrir flutningi þessarar tillögu.

Þau atriði önnur, sem talin eru upp í tillögugreininni, en Pétur Bjarnason nefnir ekki en tilraunaaðstaða er nauðsynleg fyrir, eru ekkert síður mikilvæg rannsóknarsvið. Í frétt frá Danmörku nýlega segir frá afbrigði regnbogasilungs, „saltseiðastofni“, sem ræktaður hefur verið með aðferð sem var þróuð í Nordsjöcenter í Hirtshals. Regnbogasilungur, sem er ferskvatnsfiskur, hefur verið „vaninn“ á saltvatn og vex þá í sjóbúrum í 4–5 kg stærð á fyrsta ári. Þetta hefur verið gert með ræktun „saltþolinna“ seiða í margar kynslóðir. Danir tala um milljarðatekjur af þessari uppgötvun. Þetta sýnir mikilvægi kynbótatilauna.

Framleiðsla á fiskfóðri er nú að hefjast aftur hér á landi. Nauðsyn þess, að fóðrið sé framleitt úr íslenskum hráefnum, er öllum ljós en hitt er ekki síður mikilvægt að markvissar prófanir á fóðrinu geti farið fram til að tryggja góðan árangur og koma í veg fyrir slys.

Um meðferð fisksjúkdóma og lækningatilaunir ætti að vera óþarft að fjölyrða. Slík tilraunastarfsemi verður ekki rekin af neinu viti í eldisstöð innan um tugi eða hundruð tonna af eldisfiski.

Í stöðinni í Kollafirði og næsta nágrenni eru aðstæður að mörgu leyti góðar þó að auðvitað þurfi að bæta ýmsu við og lagfæra. Það er augljóst að rannsókna- og tilraunastöð, eins og hér um ræðir, þyrfti minnstan undirbúning ef hún yrði reist þar. Þess er þó jafnvel að vænta að hagkvæmt geti orðið að reisa og reka fleiri slíkar stöðvar annars staðar á landinu

þar sem aðstæður eru frábrugðnar en fiskeldi þýðingarmikil atvinnugrein, eins og t.d. í Þingeyjarsýslum. Rannsóknir í Kollafirði hafa fyrst og fremst beinst að seiðaeldi, sleppingu og endurheimtum. Þær rannsóknir eru auðvitað allra góðra gjalda verðar og nauðsynlegar en það er öllum ljóst að framtíð fiskeldis á Íslandi getur ekki byggst á framhaldi þeirra rannsókna eingöngu. Þar fyrir utan hefur stöðin svo átt í samkeppni, oft harðri, við aðrar seiðaeldisstöðvar. Það nær auðvitað ekki neinni átt að ríkið niðurgreiði slíka starfsemi.

Við eigum nú þegar nokkra velmenntaða sérfræðinga í fiskeldi og fisksjúkdómum og margir eru í slíku námi eða skyldum greinum. Rannsókn- og tilraunaaðstaða, eins og hér er lögð til, er algjört lykilatriði til þess að þetta fólk nýtist sem skyldi.